Til: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>, "Hildur Vésteinsdóttir" <hildurv@umhverfisstofnun.is>

Efni: Re: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og

Upplýsingar: Sent: 29.01.2019 13:03:29 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019010048, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2019010048

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um leyfi til að stækka og endurnýja gestahús og byggja sólstofum við Bergholt í Mývatnssveit.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að gefið verði leyfi fyrir framangreindum framkvæmdum skv. innsendum gögnum enda verður litið sem ekkert rask á svæðinu umfram það sem nú er. Stofnunin vekur athygli á því að fram kemur að laga þurfi rotþró á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 01/18/2019 03:11:28 PM
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár
-----------------------------------------------------------

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Jóni Inga Hinrikssyni dags . 3. janúar 2018 með viðbótargögnum dags. 9. janúar 2019, um leyfi til að stækka og endurnýja gestahús og byggja sólstofu við Bergholt.

Umsóknin hefur áður verið send Náttúrufræðistofnun Íslands til umsagnar dags . 14 febrúar 2018, svar barst 16. febrúar 2018, en er send aftur á grundvelli nýrra gagna frá umsækjanda sem borist hafa Umhverfistofnun.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 1. febrúar 2019.

**Bestu kveðjur, Best regards**
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúru, Department for Nature

~b398151

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](Http://www.ust.is)

----- Message from Bergholt <bergholt@emax.is> on Tue, 13 Feb 2018 20:43:13 +0000 -----

**To:** Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is>
**Subject:** RE: Bergholt umsókn

Sæl Hildur.

Ég mismælti mig, þetta er ekki garðhýsi heldur gestahús með sérnúmeri í fasteignaskrá , nr. 220101. Það er fyrir rennandi vatn i húsinu, heitt og kalt.
Notkunin verður svipuð og verið hefur, fyrir ættingja og vini.

Rotþróin er fyrir utan þetta umsóknarferli, hún er bara þarna á svæðinu og er gat á lokinu á henni og er tréfleki þar á núna, þannig að það þarf að gera við hana i náinni framtíð en hún er eign gömlu Voga (Voga 3).

Með kveðju
Jón Ingi

**From:** Hildur Vésteinsdóttir [mailto:hildurv@umhverfisstofnun.is]
**Sent:** 12. febrúar 2018 12:00
**To:** bergholt@emax.is
**Cc:** Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>; Arna Hjörleifsdóttir <arna.hjorleifsdottir@umhverfisstofnun.is>
**Subject:** Re: Bergholt umsókn

Sæll Jón Ingi.
Við erum búin að fara yfir gögnin og það er tvennt sem okkur langar að fá að vita til viðbótar :

- Hver verður notkun garðhýsisins? Á að vera þar rennandi vatn og fráveita?
- Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar við rotþróna? Þú vísar til þess að framkvæmdir við

hana séu nauðsynlegar. Er það hluti af umsókninni eða verður það annað verkefni ?

kveðja, Hildur

**Bestu kveðjur, Best regards**
Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri, Team leader
Svið samþættingar, Department of Integration

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer

---

**From:** "Hildur Vésteinsdóttir" <hildurv@Umhverfisstofnun.is>
**To:** "bergholt@emax.is" <bergholt@emax.is>
**CC:**
**Subject:** Re: Bergholt umsókn
**Date:** 12.2.2018 08:16:38

Sæll Jón Ingi og takk fyrir þetta.
Við skoðum þetta og þú heyrir frá okkur.

kveðja, Hildur

**Bestu kveðjur, Best regards**
Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri, Team leader
Svið samþættingar, Department of Integration

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer

---

**From:** "Bergholt" <bergholt@emax.is>
**To:** "Hildur Vésteinsdóttir" <hildurv@Umhverfisstofnun.is>
**CC:**
**Subject:** Bergholt umsókn
**Date:** 11.2.2018 11:58:00

Sæl Hildur.

Ég sendi yfirlitsmynd af svæðinu sem um ræðir. Þetta eru ekki nákvæmar teikningar enda verkefnið ekki komið á það stig.

Þar var ég búinn að teikna inn á fyrirhugaðar breytingar. Það stendur ekki til að stækka garðhýsið í átt að vatninu heldur bara í austur. Stærðin á þakinu á garðhýsinu eins og það blasir við á myndinni er 24 fm. Höfum við verið að skoða hús sem eru 30 – 42 fm, eitthvað svoleiðis en það er ekki endanlega ákveðið.

Sólstofan eða stækkunin á íbúðarhúsinu sjálfu er fyrirhugað um 6 metra út frá húsinu í vestur eins og búið er að teikna inn. Þar er fyrir hellulögð stétt og timbur sólpallur. Á norðurhlið pallsins er hlaðinn stoðveggur sem er farinn að halla og síga þannig að það verður að fara í framkvæmdir á veggnum sjálfum sama hvað.

Þar sem ég setti inn X á myndina er gömul rotþró sem er enn í notkun frá Vogum 3. Rotþróin er orðin mjög gömul og farin að brotna og opnast að ofan og því verður einnig að fara í framkvæmdir á svæðinu af þeim sökum.

Sendu mér aftur ef þú vilt fá nánari skýringar.

Kv Jón Ingi

----- Message from Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is> on Wed, 9 Jan 2019 12:04:34 +0000 -----

**To:** Bergholt <bergholt@emax.is>
**cc:** Þórdís Vilhelmína Bragadóttir <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>, Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
**Subject:** RE: Vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda

Sæll Hinrik og takk fyrir þessar upplýsingar.
Ég hef tímabundið tekið við öðrum verkefnum hjá Umhverfisstofnun, en hún Þórdís Vilhelmína hefur tekið við umsjón með leyfunum á friðlýstum svæðum. Hún fær cc af þessum pósti og mun sjá til þess að áfram verði haldið með þetta mál. Hún mun fara yfir málið og þú heyrir

væntanlega í henni fljótlega.

kveðja, Hildur

**Bestu kveðjur, Best regards**
Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri, Head of Department
Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](Http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](Http://www.ust.is/disclaimer)

**From:** Bergholt <bergholt@emax.is>
**Sent:** miðvikudagur, 9. janúar 2019 11:58
**To:** Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is>
**Subject:** RE: Vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda

Sæl Hildur.

Ég sendi hérna frekari upplýsingar varðandi gestahúsið við Bergholt. Við erum búnir að sækja um byggingarleyfi og var jákvæð umsögn þaðan.

Þú sendir mér ef það vantar frekari upplýsingar.

Það sem teiknað er inn á er stærðin á komandi húsi með þakinu, en gólfflötur hússins verður 30 fm eða 6x5.

Kv Hinrik Geir

**From:** Hildur Vésteinsdóttir <hildurv@umhverfisstofnun.is>
**Sent:** 13. mars 2018 16:30
**To:** bergholt@emax.is
**Cc:** Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
**Subject:** Vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda

Sæll Jón Ingi.
Í samræmi við ákvæði reglugerðar um verndun Mývatns og Laxá hefur Umhverfisstofnun sent Náttúrufræðistofnun Íslands og RAMÝ umsókn þína um stækkun gestahúss og byggingu sólstofu til umsagnar. Þá hefur Umhverfisstofnun einnig verið í samskiptum við skipulags - og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps.
Í umsögn RAMÝ kemur fram að ekki verði séð að framkvæmdin spilli náttúruminjum .
Samkvæmt upplýsingum frá skipulags- og byggingarfulltrúa er ekki til deiliskipulag af svæðinu og almennt er ekki farið fram á deiliskipulag ef um stakar framkvæmdir að ræða, en að þá þurfi að grenndarkynna byggingaráform.
Í erindi Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram eftirfarandi : *Þar sem engar teikningar liggja fyrir eða gögn um deiliskipulag á svæðinu gerir Náttúrufræðistofnun ráð fyrir að hér sé fyrst og fremst um fyrirspurn að ræða. Miðað við það sem óskað er eftir, þó það sé svolítið óljóst í umsókninni þ.e. umfang og hvað nákvæmlega á að framkvæma, þá telur Náttúrufræðistofnun að óhætt sé að halda áfram með málið og ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á náttúru/náttúruminjar á svæðinu. Það er þó ljóst að áður en endanlegt leyfi verður gefið út þurfa að liggja fyrir betri upplýsingar svo hægt sé að meta áhrifin með nokkurri vissu og taka endanlega afstöðu til málsins."*

Til að unnt sé að taka afstöðu til málsins og óska eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um stærð þeirra bygginga sem sótt er um að reisa ásamt útlitsteikningum þegar þær upplýsingar liggja fyrir. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort að grenndar kynning hefur farið fram.

**Bestu kveðjur, Best regards**
Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri, Team leader
Svið samþættingar, Department of Integration

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer
[attachment "C.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "C.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "C.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "C.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "C.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "image001.png" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Bergholt.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Bergholt_1_breytt.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "FramkvÃ¦mdarleyfi_Ã¡_friÃ°lÃ½stum_svÃ¦Ã°um.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Teikning_frÃ¡_SkÃºla.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]